



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogsbær
b.t. Indriði Stefánsson
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 13. júní 2021
1905562, 700.00 BV

Umsögn umhverfissviðs

Lagt fram erindi Pírata varðandi aðstöðu fyrir hjólandi Kópavogsbúa dags. 20. maí 2019. Umhverfis- og samgöngunefnd vísar erindinu til umhverfissviðs.

Umsögn:

Í samantekt skýrslu „Skemmtilegar skólalóðir“ og „Skemmtilegar leikskólalóðir“ kemur fram fjöldi núverandi aðstöðu fyrir geymslu reiðhjóla við grunnskóla og leikskóla í Kópavogi.

Skýrsla var unnin árið 2016 og er talnagrunnur skýrslunnar í samræmi við það ár og skýrsla hefur síðan verið uppfærð árið 2020. Í skýrslunni er að finna hlutfall fjölda hjólastæða á fjölda nemenda í hverjum grunnskóla. Skýrsla um „Skemmtilegar skólalóðir“ og „Skemmtilegar leikskólalóðir“ eru aðgengilegar á heimasíðu Kópavogsbæjar undir útgefið efni.

Sambærileg úttekt á geymslu reiðhjóla fyrir sundlaugar, menningarhús og skiptistöðvar strætó er mögulegt að framkvæma með tilheyrandi kostnaðarliðum. Kostnaðarliðum yrði þá vísað til bæjarráðs og bæjarstjórnar.

f.h. Skipulagsfulltrúa

Bjarki Valberg
Umhverfisfulltrúi



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is